

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 71/2011****2011/EES/54/13****frá 1. júlí 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2010 frá 12. mars 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/453/ESB frá 3. ágúst 2010 um viðmiðunarreglur um skoðanir og eftirlitsráðstafanir og þjálfun og menntun og hæfi opinberra starfsmanna, að því er varðar vefi og frumur úr mönnum, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 17. lið (orðsending framkvæmdastjórnarinnar um samhliða innflutning á sérlyfjum sem þegar hafa fengið markaðsleyfi) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

„18. **32010 D 0453**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/453/ESB frá 3. ágúst 2010 um viðmiðunarreglur um skoðanir og eftirlitsráðstafanir og þjálfun og menntun og hæfi opinberra starfsmanna, að því er varðar vefi og frumur úr mönnum, sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB (Stjtið. ESB L 213, 13.8.2010, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/453/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. júlí 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 143, 10.6.2010, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 30, 10.6.2010, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 213, 13.8.2010, bls. 48.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.